

Ed.

103. Nefndarálit

[51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála.

Frumvarpið fjallar um að hækka verulega hinar svonefndu aukatekjur ríkissjóðs, en þar er um að ræða m. a. dómsmálagjöld, gjöld fyrir fógetagerðir, skiptagjöld og gjöld fyrir uppboðsgerðir, þinglýsingar, leyfisbréf o. fl. Við teljum, að sumt af því, sem hér er um að ræða, orki verulega tvímælis sem tekjustofnar fyrir ríkissjóð, og því fremur teljum við óeðlilegt, að þessi gjöld séu stórlega hækkuð. Annað vegur þó meira við mótun afstöðu okkar til frumvarpsins.

Við teljum óhjákvæmilegt að breyta nú um stefnu í fjármálum ríkisins. Stóruaukin skattheimta undanfarandi ára leiddi í fyrstu til mikilla greiðsluafganga hjá ríkissjóði, en nú er komið í ljós, að þannig hefur verið haldið á fjármála- stjórninni, að á s. l. ári nam greiðsluhalli ríkissjóðs á þriðja hundrað milljóna króna, og aftur er boðaður greiðsluhalli á þessu ári, þrátt fyrir það að framlög til opinberra framkvæmda hafi verið verulega skorin niður.

Frumvarp þetta er tilraun til að sækja meira fé í vasa almennings til þess að geta haldið áfram slíkri fjármálastefnu.

Að þeirri stefnu óbreyttri viljum við ekki taka þátt í því að fela ríkissjóði meiri fjármuni til að ráðsmennskast með, en lýsum eftir marglofuðum tillögum um sparnað í ríkisrekstrinum.

Í hvert sinn, sem ríkisstjórnin hefur talið sig vanta fé, hefur hún farið sömu leiðina, dýpra í vasa almennings. Þannig hefur þjóðin á undanförunum árum kynnt endurteknum söluskattshækkunum, hækkuðum eignarskatti á fasteignir, sérskatti á bændur, iðnlánasjóðsskatti, launaskatti, sérskatti á sement, sérskatti á timbur, sérskatti á steypustyrktarjárn, aðgönguskatti á veitingahús, ríkisábyrgðarskatti, vegaskatti o. fl. Nú liggja fyrir Alþingi eða eru boðuð frumvörp um að hækka eignarskatt af fasteignum, um farmiðaskatt, um nýjan skatt á bifreiðar og um hækkaðan benzínskatt og þungaskatt, sem vegasjóður á að fá í staðinn fyrir ríkisframlagið, sem lofað var, en nú hefur verið boðað, að ætlunin sé að svikja það loforð.

Ríkisstjórnina skortir ekki hugmyndaflug, þegar hún vill finna upp nýja skatta, en við teljum þarfara að beita því að öðru. Það er ekki nóg að líta á tekjuhliðina eina, gjaldahliðin þarf einnig að skoðast, og það er ekki seinna vænna.

Það fer ekki milli mála, að sú fjármálastefna, sem á fáum árum hefur breytt stórfelldum greiðsluafgöngum í greiðsluhalla, þarf endurskoðunar frá rótum. Nú er fram undan afgreiðsla fjárlaga, og er þess þá að vænta, að í ljós komi, hvort ríkisstjórnin hefur í hyggju að beita sér fyrir bættri fjármálastjórn. Teljum við því engan veginn tímabært að samþykkja þetta frumvarp og leggjum til, að það verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.